

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2025

Efni: Umsögn Samorku um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 24/152. Þingskjal 309 – 237. mál.

Samorka styður framangreinda tillögu til þingsályktunar. Í tillögunni felst að Skrokkölduvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði færðar úr biðflokki í orkunýtingarflokk og að virkjunarkostirnir Kjalalda og Héraðsvötn verða áfram í biðflokki.

Þegar málið var í meðförum þingsins á 156. löggjafarþingi skilaði Samorka ítarlegri umsögn um framangreinda virkjunarkosti til Alþingis þar sem fagnað var flokkun Skrokköldu, Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar í nýtingarflokk og mælt til þess að Kjalalda og Héraðsvötn yrðu áfram í biðflokki. Fyrri umsögn Samorku má sjá [hér](#).

Í greinargerð með tillögunni er vísað til þess ójafnvægis sem skapast hefur milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði, spám Landsnets um orkuþörf og áforma ríkisstjórnarinnar um áherslu á aukna orkuöflun í þágu orkuöryggis, orkuskipta og verðmætasköpunar. Þá kemur fram að ráðherra mun leggja fram á þingi frumvarp um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun til að bæta skilvirkni og málsmeðferð samkvæmt lögnum.

Samorka hefur um árábil gagnrýnt ferli rammaáætlunar meðal annars með vísan til þess að þar hefur ekkert verið hugað að raforkuþörf, loftslagsmarkmiðum og áætlunum um orkuskipti. Þá hefur Samorka dregið í efa ýmislegt í ferli rammaáætlunar, svo sem skort á gagnsæi og samræmi við meginreglur opinna og lýðræðislegrar stjórnsýslu.

Það er ánægjulegt að sjá boðar breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, þó enn sé svigrúm til að gera betur. En á sama tíma og unnið er að breytingum á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun er skynsamlegt að festa ekki í verndarflokki kosti sem geta reynst bæði hagkvæmir og skynsamlegir. Í því samhengi verður að hafa í huga að flokkun orkukosta í vernd, bið og nýtingu hefur mjög misjöfn áhrif, eins og fram kemur í umfjöllun ráðherra um tillöguna. Þannig felur flokkun í nýtingarflokk það einungis í sér að heimilt er að hefja ferli leyfisveitinga og skipulagsmála. Í því felast engin loforð eða áform um að af virkjunarframkvæmdum verði. Hins vegar hefur flokkun í verndarflokk það í för með sér að stjórnvöldum ber að hefja undirbúning að friðlýsingu gegn orkuvinnslu.

Samorka telur mikilvægt að bíða með að flokka virkjunarkosti í verndarflokk rammaáætlunar, meðan unnið er að úrbótum á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og til að tryggja að nægjanlegur fjöldi

orkukosta sé til skoðunar til að mæta raforkuöryggi þjóðarinnar, tryggja orkuskipti og viðnámsþrótt samfélagsins og leggja grunn að fjölbreyttri atvinnustarfsemi og jákvæðri byggðaðróun.

Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um málið. Við erum tilbúin að mæta á fund nefndarinnar og gera betur grein fyrir afstöðu okkar, sé eftir því óskað.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur